

43 samþykktum uppdrætti, nema fengið sje til þess skrifleggi leyfi byggingarfull-
27. júní trúa, eða byggingarnefndar og að fylgt sje ákvæðum byggingarsamþykta og
 lögreglusamþykta um framkvæmd húsasmiðis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Samþykkt þessi, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, er hjer-
 með staðfest samkvæmt 5. gr. laga 13. sept. 1901, um breytingu á tilskipun 20.
 apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, til að öðlast gildi 1.
 júlí 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júní 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

44
27. júní

REGLUGJÖRÐ

um

störf lóðaskrárritarans í Reykjavík.

1. gr.

Bæjarstjórn skipar lóðarskrárritara til þess, að leysa úr sjerhverju því atriði, sem upp kann að koma viðvíkjandi línu- og flatarmáli lóða og húsa í landi bæjarins, eins og það nú er og framvegis kann að verða. Er hann skyldugur að leysa af hendi þau verk, er koma undir starfsvið hans, hvort heldur er fyrir bæinn eða einstaklinga.

2. gr.

Lóðarskrárritari á, þegar borgarstjóri krefst þess, að mæla út stefnur gatna og vega. Hann á ennfremur þegar þess er krafist, að láta byggingarnefnd eða bæjarstjórn í tje, allar upplýsingar um mörk lóða, eignarheimildir, kvaðir og afstöðu til gatna og nágrannahúsa.

3. gr.

Lóðaskrárritari á að halda hina lögboðnu lóðaskrá. Í hana á þegar merkjasetningu lóða er lokið, smám saman að færa inn allar lóðir með fram-

haldandi númerum. Af hverri lóð skal vera uppdráttur og sýni hann af- **44**
 stöðu lóðarinnar til nágrannalóðanna og grunnflöt allra húsa á henni. Í lóða- **27. júní**
 skránni skal ennfremur vera lýsing merkja, flatarmál lóðarinnar byggðrar og
 óbyggðrar og nafn eiganda. Staðfest eftirrit úr lóðaskránni er mælingabrjef
 viðkomandi lóðar.

4. gr.

Ef skrásettri lóð skal skift í hluta, tvo eða fleiri, og byggingarnefnd
 hefir gefið samþykki sitt, skal mæla hana á kostnað beiðanda og færa í lóða-
 skrána. Áður en þinglýst er skjali eða skjölum um skiftingu lóða eða um eig-
 andaskifti að lóð, skal lóðaskrárritari rita vottorð sitt á skjalið eða skjölin um
 það, að breytingarinnar sje getið á lóðaskrá eða í lóðamerkjabók.

5. gr.

Lóðaskrárritari skal láta í tje allar þær upplýsingar um lóðir og hús,
 er með þarf, til þess að reikna út þá skatta, er byggjast á stærð þeirra.

6. gr.

Lóðarskrárritari annast flatarmælingu og aðalhallamælingu bæjarins og
 sjer um að gjörðir sjeu uppdrættir og afrit í þeim mælikvarða, er bæjarstjórn
 ákveður. Ennfremur skal lóðarskrárritari sjá um að uppdráttum sje haldið við
 og á þá bætt breytingum og viðbótum. Af mælingabókum og blöðum skal gjöra
 endurrit, er geymist í skjalasafni bæjarins.

7. gr.

Auk þeirra starfa, er hjer er getið skal lóðaskrárritari inna af hendi þau
 verk, er bæjarstjórn felur honum og að eðli sínu heyrir undir verk svið hans.

8. gr.

Auk lóðaskrár og lóðamerkjabóka skal lóðaskrárritari halda skrá yfir
 öll þau verk er hann vinnur, ennfremur brjefabók og sjóðsbók yfir gjöld þau,
 er greidd eru á skrifstofu hans. Gjöldin ber að greiða til bæjargjaldkera við
 lok hvers mánaðar.

9. gr.

Fyrir þau störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal
 greiða gjöld í bæjarsjóð sem hjer greinir:

a. Fyrir merkingu og mælingu lóðar eða lóðarparts og uppdráttis, þegar stærð-
 in er:

Alt að	100 m ²	6 kr.
	100— 200 —	8 —
	200— 400 —	10 —
	400— 600 —	12 —
	600— 800 —	14 —

44
27. júní

800—1100 —	17 —
1100—1500 —	20 —
1500—2000 —	25 —
2000—3000 —	30 —
yfir 3000 — fyrir hverja 1000 m ² að auki	5 krónur.

- b. Fyrir uppdrátt, án sjerstakrar mælingar, og afrit úr lóðaskrá hálf gald það sem talið er undir a-lið.
- c. Fyrir áritun um eignaskifti 2 kr. fyrir hvert skjal.
- d. Fyrir önnur störf lóðaskrárritara samkvæmt ákvörðun hans í hvert skifti. Gjöld þessi greiðist lóðarskrárritara jafnskjótt og hvert starf er af hendi leyst.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt 4. gr. laga nr. 35, 20. júní 1923, sbr. lög nr. 35, 2. nóv. 1914, til að öðlast gildi 1. júlí 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júní 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

45
21. júlí

S A M Þ Y K T

um

breyting á samþykkt um ýms atriði er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða í háf á heimalandi í sumar frá því 11 vikur eru af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júlí 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.